

8. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga eða tímabil, að fengnu samþykki hreppsnefndar, til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 200.00—500.00 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 20 17. febrúar 1954, um lokun sölubúða í Dalvíkurkaupúni.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUR**um hleðslu síldveiðiskipa á vetrarsíldveiðum.**

1. gr.

Reglur þessar gilda um öll fiskiskip, er stunda vetrarsíldveiðar, mánuðina október til apríl.

2. gr.

Útbúnaður á síldveiðiskipum skal vera samkvæmt 39. gr. reglna um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953.

Þó skal leyft að nota lestarborð úr alumínium, enda uppfylli þau kröfur Skipaskoðunar ríkisins um styrkleika.

Séu hillur notaðar í lestum, skal skipstjóri sjá svo um, að alltaf verði fyllt neðst í lest, undir hillum, áður eða um leið og síld er sett á hillur. Óheimilt er að skilja eftir ófyllt rúm neðarlega í lest.

3. gr.

Lestarlúkur skulu lokaðar vatnspétt (skálkaðar), þegar síldarfarmi hefur verið komið fyrir í lest.

4. gr.

Eigi má lesta skip dýpra en að efri brún þilfars við skipshlið.

5. gr.

Austurop skulu ávallt höfð opin, nema þar sem síldarfarmur hindrar, og séð skal svo um, að allur sjór geti runnið viðstöðulaust af þilfari fyrir borð. Eigi skal höfð meiri stíuuppstilling á þilfari en brún þörf krefur vegna farms.

Stærð austuropa skal vera í samræmi við íslenskar reglur og reglur flokkunarfélags, og skal gerð þeirra viðurkennd af Skipaskoðun ríkisins.

6. gr.

Sé sildarnót höfð á bátapalli, ber, ef aðstæður leyfa og þörf krefur, að setja hana niður á aðalþilfar eða niður í lest á siglingu.

7. gr.

Frárennsli frá nótakassa á bátapalli skal vera riflegt, þannig að sem minnstur sjór bindist þar.

8. gr.

Skipstjóra ber að sjá svo um, að á siglingu í slæmum veðrum séu allar hurðir á aðalþilfari hafðar vel lokaðar.

9. gr.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt XI. kafla laga nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1964.

Árið 1964 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 2750.00
b. Karlar	— 2500.00
c. Konur	— 1875.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	— 25.00
------------------------------	---------
3. Í janúar 1964 skal greiða upp í iðgjald samkv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	— 1400.00
b. Konur	— 1000.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.